



Tryggvagata og Naustin, endurhönnun

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir endurhönnun á Naustinni og Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Grófinni á grundvelli frumdraga sem sjást á næstu síðu. Í fjarfestingaráætlun fyrir 2019 er gert ráð fyrir 150 millj. kr vegna framkvæmda á Tryggvagötu.

Síðasta sumar var Tryggvagata við Hafnartorg, milli Lækjargötu og Pósthússtrætis, endurnýjuð. Gert er ráð fyrir sambærilegri útfærslu og þar. Það er að segja að gatnamót sé upphækkuð með stein-/hellulögn en að gatan á milli gatnamóta sé malbikuð með lágum kantsteinum. Gert er ráð fyrir gróðri í götumyndinni.

Tillagan gerir ráð fyrir að því að skapa rými fyrir fólk. Það er gert með því að að fækka bílastæðum verulega. Í dag eru um 38 stæði í Tryggvagötu á þessum kafla, þar af 24 skástæði við Tollhúsið. Lögð verður áhersla á að tryggja stæði fyrir fatlaða á fleiri en einum stað. Einnig skapast rými til að taka betur tillit til vörudreifingar en er í dag.

Gengið er út frá því að Tryggvagata sé einstefna til vesturs allt að Grófinni. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um að Tryggvagata sé einstefna að Naustinni.

Við það að gatan verður einstefna og að bílastæðum er fækkað skapast mikið svigrúm til að breikka göngu- og íverusvæði norðan megin í götunni (sólarmegin), við Tollhúsið og við Hafnarhúsið.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar


Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Kaflinn sem um ræðir merktur með rauðu.
(kort www.borgarvefsja.is.)



Mynd 2 Tryggvagata við Hafnartorg eftir breytingar.
Horft til vesturs (mynd:
<https://reykjavik.is/framkvæmdasjain/tryggvagata-steinbyggja-og-baejartorg>)



Mynd 3 Tillaga að útfærslu Tryggvagötu og Naustar.